

Breytingar á fjölmeningarráði:

Stærsta breytingin er að lagt er til að skipað sé í ráðið fram að næstu sveitarstjórnarkosningum. Þar sem tveir væru skipaðir af fjölskylduráði, tveir einstaklingar skipaðir af félagasamtökum sem starfa að málefnum innflytjenda og einn einstaklingur af erlendum uppruna úr hópi starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, allir búsettir í Hafnarfirði og jafnmargir til vara. Þá væri þeim sem nú eiga sæti í ráðinu boðið að starfa í eitt ár til viðbótar frá skipun í nýtt ráð.

Aðrar breytingar:

Ráðið heiti „Fjölmeningarráð Hafnarfjarðar“ í stað „Fjölmeningarráð Hafnfirðinga“.

Nafn á sviði lagfært og umsjón færð yfir til verkefnastjóra fjölmeningar.

Fjölmeningarráð kýs sér ritara eins og formann.

Fundarstaður ekki festur.

Helstu breytingar á erindisbréfi:

Lagfært á samræmi við samþykkt.

Þjálfun í fundarsköðum bætt við.

Fjölmeningarráð aðstoðar fjölskylduráð við undirbúning viðburða tengdum fjölmeningu t.a.m. fjölmeningarþings og að auka sýnileika innflytjenda í öðrum viðburðum sem haldnir eru í bæjarfélaginu. Í eldri erindisbréfið stóð: „Fjölmeningarráð aðstoðar fjölskylduráð við undirbúning fjölmeningardags Hafnarfjarðar“.

Greitt er fyrir setu í ráðinu.